

Reykjavík 27. september 2010

Fréttatilkynning frá Högum

Hagar gera sátt við Samkeppniseftirlitið um verðmerkingar á kjötvörum.

Stjórn Haga hf hefur gert sátt við Samkeppniseftirlitið vegna samskipta við 8 helstu kjötbirgja landsins um merkingu smásöluverðs á kjöti.

Um er að ræða vinnufyrirkomulag sem verið hefur í gildi milli smásala og kjötbirgja í áratugi. Kjötframleiðendum ber skylda til að merkja vörur sínar með pökkunardegi, síðasta söluþegi og þyngd. Samhliða þessum merkingum hafa framleiðendur merkt kjötvörur, ýmist með leiðbeinandi smásöluverði eða smásöluverði, sem smásali hefur ákveðið. Í þessu hefur falist mikið hagræði fyrir báða aðila og þægindi fyrir neytendur. Samkeppniseftirlitið hefur hins vegar gert athugasemd við þessa aðferðarfræði sem tíðkast hefur og telur hana brjóta í bága við 10. grein samkeppnislaga, þar sem hún feli í sér lóðrétt samráð um ákvörðun smásöluverðs.

Framangreint fyrirkomulag um verðmerkingar á kjötvörum hefur tíðkast a.m.k. frá sjöunda áratug síðustu aldar. Við stofnun Bónus árið 1989, hafði fyrirtækið frumkvæði að því að veita afslátt frá leiðbeinandi smásöluverði kjötframleiðanda, sem tíðkast hafði á matvörumarkaði. Bónus hefur í þessu tilliti ávallt verið í forystu, þegar kemur að veittum afslætti til viðskiptavina sinna. Árið 2009 veitti Bónus afslátt til viðskiptavina sem nam 1.900 milljónum króna, frá merktu smásöluverði. Þau samskipti sem um ræðir leiddu því ekki til herra verðs til neytenda, heldur voru fyrst og fremst vinnulag á markaði sem tíðkast hafði um árabíl.

Er það niðurstaða stjórnar Haga, sem er stærsti einstaki aðilinn í smásölu á þessum markaði, að ganga til satta við Samkeppniseftirlitið og gera breytingar á þessu fyrirkomulagi. Sáttin felst í því að Hagar fallast á að greiða sekt í ríkissjóð að upphæð 270 milljónir króna. Þá er samkomulag um að þessu fyrirkomulagi verði breytt í skrefum, en breytingum verði lokið 1. júní 2011. Neytendur munu því taka eftir breytingum á því hvernig kjöt verður verðmerkt í verslunum en Hagar munu leggja áherslu á að valda viðskiptavinum sínum sem minnstum óþægindum.

Jafnframt er það von Haga að breytingar þessar taki til allra aðila á markaði því ljóst er að samskipti Haga við kjötbirgja hafa verið með sama hætti og tíðkast í samskiptum annarra smásala við kjötbirgja. Mikilvægt er að skýrar reglur gildi um samskipti smásala og birgja þannig að í samskiptum þeirra, t.d. varðandi leiðbeinandi smásöluverð, sé ekki fólgin hætta á brotum á samkeppnislögum. Það skal ítrekað að í þessu máli var enginn ásetningur fyrir hendi af hálfu Haga og umrædd samskipti hafa ekki leitt til hækkunar á vöruverði fyrir neytendur.

Þá hefur stjórn Haga ákveðið að óska eftir leiðbeiningum frá Samkeppniseftirlitinu varðandi aðrar vörur en kjötvörur, en það tíðkast víða að framleiðendur formerki vörur með leiðbeinandi smásöluverði, s.s. framleiðendur osta og útgefendur tímarita og dagblaða.